

Sp. 402. Tillaga til þingsályktunar [201. mál]

um fimm ára framkvæmdaáætlun til stöðvunar á fólksflotta úr Vestfjarðakjördæmi.

Flm.: Gisli Jónsson, Kjartan J. Jóhannsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela Framkvæmdabanka Íslands að semja fimm ára framkvæmdaáætlun í samráði við stjórn atvinnubótasjóðs til stöðvunar fólksflóttanum úr Vestfjarðakjördæmi.

Einkum skal miða áætlunina við það, að framkvæmdirnar verði liður í uppbyggingu þeirra staða, sem fólksfækkunin gerir illkleift að halda í byggð, þótt öll skilyrði séu þar til góðra lífskjara, ef búið væri að þeim á borð við aðra staði.

Skal áætluninni lokið fyrir lok þessa árs og hún þá lögð fyrir Alþingi ásamt tillögum um fjáröflun.

Greinargerð.

Samkvæmt skýrslu um mannfjölda á Vestfjörðum, sem birt er hér með sem fylgiskjal, hefur íbúum þar fækkað um 19.7% á tímabilinu 1912 til 1962. Er það aleina kjördæmið á landinu, sem fólki hefur fækkað í. Í öllum öðrum kjördæmum landsins hefur íbúatalan aukizt, sums staðar að visu mjög lítið, en annars staðar mjög verulega, þó einkum á Suðurlandi. Er þetta því raunalegra, þegar vitað er, að afkoma manna á Vestfjörðum er víða fullkomlega sambærileg við afkomu manna í öðrum landshlutum. Hafa meðaltekjur manna þar í hinum ýmsu hreppum verið frá 18 þús. kr. og allt að 35 þús. kr. á hvern íbúa, eða frá 90 þús. og upp í 175 þús. kr. á hverja fimm manna fjölskyldu. Þá hafa og útflutningsskýrslur sýnt, að á síðari árum hefur verðmæti útflutnings frá Vestfjörðum verið 2.5 sinnum hærra á hvern íbúa þar en nemur meðalútflutningsverðmæti á hvern íbúa landsins. Í ljósi þessarar staðreyndar ber vissulega að skoða og meta, hvort ekki sé rétt og skylt af þingi og stjórn að gera sérstakar ráðstafanir til þess að stöðva flóttann frá héraði, sem boðið getur fólkinu slík lífskjör og er nú svo veigamikill aðili í öflun erlends gjaldeyris, sem margfalda mætti með aukinni íbúatölu og auknum framkvæmdum.

Aðeins eftirtaldir staðir í héraðinu hafa aukið íbúatölu sína síðan 1912: Patreksfjörður langmest, 110.6%, þar næst Hólmavík og Hrólbergshreppur, 106%, þá Ísafjörður 46%, Suðureyrarhreppur 22.8%, Kaldrananeshreppur 8.7% og Flateyrar- og Mosvallahreppur 1%. Í öllum öðrum hreppum kjördæmisins hefur íbúunum fækkað, frá 8.4% minnst, í Suðurfjarðahreppi, í mest 95.5% í Grunnavíkurhreppi, sem síðustu íbúar fluttu úr á s. l. ári, en Sléttuhreppur hafði áður verið yfirgefinn. Í öðrum 13 hreppum er fólksfækkunin um og yfir 50% og í sumum 80% og yfir. Er sýnilegt, hver verða örlög þeirra, ef ekkert er að gert þessu máli til hjargar.

Það væri jafnmisráðið fyrir Alþingi og ríkisstjórn að hafast ekkert að til þess að koma í veg fyrir fólksflotta frá héraði, sem hefur þá aðstöðu, sem Vestfirðir hafa, til sivarandi velmegunar, sem hitt, að hefja framkvæmdir án nauðsynlegs undirbúnings. Er því aðkallandi, að gerð verði áætlun um það, á hvern hátt hagkvæmast væri að stuðla að uppbyggingu nýrra atvinnuvega og treysta þá, sem fyrir eru, svo að fólkið flyttist á ný í hinar yfirgefnu byggðir. Þar í héraði eru margvíslegar auðlindir óunnar, sem gefa mundu arð á við það bezta, sem þekkest hér á landi, ef þeim, sem þar vilja búa, eru skapaðar sömu aðstæður og sömu lífsþægindi og þeim, sem í hópum flýja í þéttbýlið. Ber og að hafa það hugfast, að fyrir hverja

fimm manna fjölskyldu, sem þannig færir sig utan af landsbyggðinni, þarf a. m. k. um einnar millj. króna nýjar fjárfestingarupphæðir á þeim stað í þéttbýlinu, sem hún flyzt til, samfara því sem yfirgefnar eru verðmætar eignir, sem rýrna og verða að engu, auk þess sem slíkir þjóðflutningar hafa í för með sér annan vanda, sem ekki er þjóðhollt né æskilegt að auka.

Ísland er ekki eina landið, sem á við þann vanda að etja, sem því er samfara, að fólkið flýr fámennið og hina afskekktu staði og hópast til bæja og borga. En flest þeirra verja miklu fé til þess að stöðva þá þróun eftir mætti, því að öllum er ljóst, hversu mikil þjóðarnauðsyn það er, að jafnvægi á þessu sviði raskist ekki um of.

Þáttill. þessi er fyrsta og sjálfsagðasta sporið í þá átt að stöðva þennan flóttu frá blómlegum byggðum, sem aftur verður að byggja upp á ný, ef ekki á að verða meira tjón að en orðið er. Er þess vænt, að þingið samþykki tillöguna og ríkisstjórnin láti síðan framkvæma hana.

Fylgiskjal.

HAGSTOFA ÍSLANDS

Mannfjöldi á Vestfjörðum 1912, 1927 og 1962, eftir sýslum og hreppum.

	1912	1927	1962 ¹⁾	Breyting 1912—62, %
Austur-Barðastrandarsýsla	1 122	980	535	÷ 52.3
Geiradals	111	104	98	÷ 11.7
Reykhóla	306	267	234	÷ 23.5
Gufudals	173	153	69	÷ 60.1
Múla	144	129	50	÷ 65.3
Flateyjar	388	327	84	÷ 78.4
Vestur-Barðastrandarsýsla	2 229	2 281	1 999	÷ 10.3
Barðastrandar	328	355	195	÷ 40.5
Rauðasands	478	370	149	÷ 68.8
Patreks	436	568	962	+ 110.6
Tálknafjarðar	321	276	228	÷ 29.0
Ketildala	201	228	39	÷ 80.6
Suðurfjarða	465	484	426	÷ 8.4
Vestur-Ísafjarðarsýsla	2 495	2 495	1 829	÷ 37.9
Auðkúlu	265	230	50	÷ 81.1
Þingeyrar	796	764	458	÷ 42.5
Mýra	395	380	190	÷ 51.9
Mosvalla	667	293	126	} + 1.0
Flateyrar	—	390	548	
Suðureyrar	372	438	457	+ 22.8
Norður-Ísafjarðarsýsla	3 665	3 478	1 946	÷ 46.9
Hóls	996	874	908	÷ 8.8
Eyrar	554	576	392	÷ 29.2
Súðavíkur	501	474	272	÷ 45.7
Ögur	297	289	117	÷ 60.6

1) Bráðabirgðatölur.

	1912	1927	1962 ¹⁾	Breyting 1912—62, %
Reykjarfjarðar	188	174	110	÷ 41.5
Nauteyrar	239	198	83	÷ 65.2
Snæfjalla	185	157	52	÷ 71.9
Grunnavíkur	266	243	12	÷ 95.5
Sléttu	439	493	-	÷ 100.0
Ísafjörður	1 844	2 189	2 692	+ 46.0
Strandasýsla	1 765	1 790	1 533	÷ 13.1
Árnes	447	457	261	÷ 41.6
Kaldrananes	311	324	338	+ 8.7
Hrófbergs	232	305	54	} + 106.0
Hólmavíkur	-	-	424	
Kirkjubóls	200	174	102	÷ 49.0
Fells	123	103	76	÷ 38.2
Óspakseyrar	130	100	67	÷ 48.5
Bæjar	322	327	211	÷ 34.5
Vestfirðir alls	13 120	13 213	10 534	÷ 19.7